



Dagsetning: 6. febrúar 2024
Málsnúmer: 2402059/8.10

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Með tölvupósti dagsettum þann 6. febrúar 2024 kom fram ósk blakdeildar Þróttar Neskaupstað varðandi endurnýjun á auglýsingasamningi sem Fjarðabyggð gerði við blakdeildinni árið 2021 vegna meistaraflokka félagsins í karla- og kvennaflokki og 2. flokki karla og kvenna.

Samningurinn fól í sér að blakdeildin Þróttar annist samstarf þvert á byggðarkjarna Fjarðabyggðar og kynni nafn og merki sveitarfélagsins ásamt því að keppnis lið félagsins í ofangreindum flokkum eru kynntir og keppa undir nafninu „Þróttur Fjarðabyggð“.

Meistarflokkar blakdeildar Þróttar hafa um árabíl verið í fremstu röð blakliða á landinu, hvort sem er í kvenna eða karlaflokki og auglýsingagildi félagsins fyrir samfélagið í Fjarðabyggð því ótvírætt. Karla- og kvennalið félagsins leika bæði í efstudeild og hafa auk þess náð langt í bikarkeppnum blaksambandsins undanfarin ár.

Þá rekur blakdeild Þróttar öflugt starf í yngri flokkum sem státar af mörgum einstaklingum í landsliðum í sínum aldursflokkum. Þá er það hvetjandi fyrir unga iðkendur að geta stefnt á að þegar í meistaraflokk er komið þá taki við keppni á efsta stigi í íþróttinni hér á Íslandi en slíkt er ávallt mjög hvetjandi fyrir yngri flokka starf

Því er lagt til að auglýsinga samningurinn verði endurnýjaður og er hér hjálgöð drög að nýjum samningi. Gert er ráð fyrir sömu upphæð og verið hefur undanfarinn ár eða 1.800.000 þúsund á ári. Breytingar eru gerðar á gildistíma samnings til að hann passi betur við leiktímabil blakliðanna, og skerpt á að greitt er ein greiðsla fyrir hvert keppnistímabil

Þórður Vilberg Guðmundsson

forstöðumaður stjórnarsýslu- og upplýsingamála

